



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Kópavogs
Ásdís Kristjánsdóttir
Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Kópavogur, 16. janúar 2026.

Málsnr. 2309018

HH

Efni: Viðbrögð við niðurstöðu ESA vegna tekjuskattsundanþágu Sorpu bs.

Forsaga

Forúrskurður ESA varðandi það að tekjuskattssundanþága byggðasamlaganna fæli í sér ólögmæta ríkisaðstoð lá fyrir dags. 16. maí 2023 en ESA tók málið til skoðunar á grundvelli kvörtunar sem barst ESA í febrúar 2018. Var niðurstaðan sú að starfsemi Sorpu bs., að því marki sem hún væri efnahagsleg, skyldi vera tekjuskattskyld.

Á stjórnarfundi Sorpu bs. 26. september 2023 var málið til umfjöllunar og í kjölfarið kynnt á eigendafundi Sorpu bs. 2. október 2023 en þá var talið ljóst að ekki yrði unnt að koma á framfæri frekari málsástæðum og röksemdum sem myndu fá breytt afstöðu ESA.

Málið var fyrst kynnt Stefnumráði byggðasamlaganna á fundi þess 6. október 2023. Eigendavettvangur fjallaði aftur um málið 19. febrúar 2024 og 8. apríl 2024.

Í tengslum við framangreint hófst samtal við ESA um hvernig aðfinnslum ESA yrði mætt og skipaði Sorpa bs. sérstakan vinnuhóp um málið sem hóf m.a. greiningu á því hvaða starfsemi Sorpu bs. teldist efnahagsleg og til hvaða aðgerða þyrfti að grípa.

Á fundi Stefnumráðs 6. júní 2024 var málið enn til umræðu. Kom þar m.a. fram að unnið væri að sátt við ESA og að frekari greining sviðsmynda og undirbúningur viðbragða í tengslum við viðræður við ESA hefðu farið fram á vettvangi vinnuhópsins. Fyrir lægi að sátt við ESA mundi byggja á því að efnahagsleg starfsemi verði flutt úr félagi sem rekið er með ótakmarkaðri ábyrgð eigenda, þ.e. undan byggðasamlagsforminu.

Hinn 1. júlí 2024 var tillaga um að efnahagsleg starfsemi Sorpu bs. yrði flutt í félag/félög með takmarkaðri eigendaábyrgð lögð fram á fundi eigendavettvangs Sorpu bs. Eigendavettvangur samþykkti að senda tillöguna til umræðu og afgreiðslu sveitarfélaganna að fenginni afgreiðslu Stefnumráðs.

Þeir þættir í rekstri Sorpu bs. sem fela í sér efnahagslega starfsemi skv. þeirri greiningu sem farið hefur fram eru móttöku- og flokkunarstöðin í Gufunesi, gas- og jarðgerðarstöðin í Álfsnesi og urðunarstaður í Álfsnesi.

Hinn 14. ágúst 2024 var tillagan kynnt Stefnumráði og m.a. eftirfarandi bókað í fundargerð: *Stefnumráð byggðasamlaganna fellst fyrir sitt leyti á að efnahagsleg starfsemi Sorpu bs. samkvæmt framangreindri skilgreiningu verði færð í félag/félög með takmarkaðri ábyrgð eigenda með það að markmiði að koma til móts við bráðabirgðaákvörðun ESA og að tillögu þess efnis verði vísað til afgreiðslu aðildarsveitarfélaganna.*

Tveimur dögum síðar eða 16. ágúst 2024 var tillagan send sveitarfélagunum til afgreiðslu. Samþykktu öll aðildarsveitafélög Sorpu bs. að efnahagsleg starfsemi Sorpu bs. yrði færð í félag/félög með takmarkaðri ábyrgð með það að markmiði að koma til móts við ESA.



Ákvörðun ESA, sem m.a. byggði á þessari ákvörðun eigenda lá fyrir 20. nóvember 2024. Var með henni fallist á þær leiðir sem lagðar voru til af hálfu ríkisins, enda verði með því girt fyrir ríkisaðstoð í formi tekjuskattsundabágu þegar kemur að efnahagslegri starfsemi Sorpu bs.

Veittur var frestur til innleiðingar breytinga á starfsemi Sorpu bs. til 1. janúar 2027.

Fyrirliggjandi tillaga

Nánari greining og tillaga vinnuhópsins varðandi það hvaða leið skuli fara við aðskilnað efnahagslegrar starfsemi Sorpu bs. liggur nú fyrir Aðeins er um að ræða breytingar til að mæta afstöðu ESA og koma þær sem slíkar ekki í veg fyrir að aðrar breytingar á rekstrarformi Sorpu bs. verði gerðar í framtíðinni. Tillagan er meðfylgjandi og nánar lýst í meðfylgjandi samantekt Sorpu bs. um málið, í fylgiskjali 2.

Á 614. fundi stjórnar SSH sem haldinn var 22. september 2025 var tillagan kynnt og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna málsins:

1. 2309018 - Frumniðurstöður ESA um undanþágur á greiðslu tekjuskatts byggðasamlaga

Framhald umræðna en á 53. eigendafundi Sorpu var tillaga að útfærslum vegna málsins kynnt og m.a. eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

"Stjórn Sorpu ályktaði á fundi sínum 18. júní sl. að stjórnin telur tillögu vinnuhópsins, sem hér er til umfjöllunar, koma að fullu til móts við þau sjónarmið sem ESA teflir fram. Stjórnin samþykkti tillöguna fyrir sitt leyti og vísaði málinu til endanlegrar ákvörðunar á vettvangi eigenda Sorpu bs., að fengnu áhættumati áhættunefndar Sorpu bs.

Niðurstaða fundar:

Lagt fram til kynningar og umræðu. Frekari umræður munu fara fram á vettvangi stjórnar SSH. Áhættumat áhættunefndar Sorpu liggur fyrir og verður sent stjórn SSH til kynningar vegna þeirrar umræðu."

Haraldur Flosi Tryggvason, Halldór Þorkelsson, Þröstur Sigurðsson og Þórhallur Hákonarson fulltrúar í vinnuhópi Sorpu bs. vegna ofangreinds máls kynna fyrirbyggjandi tillögu. Umræður.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að vísa fyrirbyggjandi tillögu til umræðu og afgreiðslu aðildarsveitarfélaganna að fenginni kynningu og umræðu í stefnuráði.

Á fundi Stefnumáls byggðasamlaganna 7. nóvember 2025 var fyrirbyggjandi tillaga kynnt og eftirfarandi bókað í fundargerð:

1. 2309018 - Frumniðurstöður ESA um undanþágur á greiðslu tekjuskatts byggðasamlaga

Ofangreint mál var einnig til umræðu á 9., 11. og 12. fundum Stefnumáls.

Tillögur vinnuhóps að útfærslum til að mæta ákvörðun ESA í máli nr. 81738, er varðar færslu efnahagslegrar starfsemi Sorpu bs. undan byggðasamlagsforminu liggja fyrir.



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Kynning þeirra fór fram á 614. fundi stjórnar SSH og var þá eftirfarandi bókað sem niðurstaða í fundargerð vegna málsins: "Stjórn samþykkir að vísa fyrirbyggjandi tillögu til umræðu og afgreiðslu aðildarsveitarfélaganna að fenginni kynningu og umræðu í stefnuráði."

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs. kynnti fyrirbyggjandi tillögu.

Er framangreint lagt fram til kynningar og umræðu stefnuráðs og lagt til að tillögunum verði vísað til sveitarfélaganna til umræðu og afgreiðslu að því loknu.

Umræður. Til máls tóku Regína Ásvaldsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Halldór Þorkelsson, Páll Björgvin Guðmundsson, Þór Sigurgeirsson, Jón Viggó Gunnarsson, Þórhallur Hákonarson, Lovísa Jónsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Gunnar Dofri Ólafsson, Dóra Björt Guðjónsdóttir og Valdimar Birgisson.

Niðurstaða fundar:

Stefnuráð byggðasamlaganna fellst fyrir sitt leyti á að fyrirbyggjandi tillögum verði vísað til afgreiðslu aðildarsveitarfélaganna og fylgt eftir þar með frekari kynningu af hálfu Sorpu bs. og vinnuhópsins verði eftir því leitað.

Á grundvelli ofangreinds er farið fram á að meðfylgjandi tillaga um stofnun tveggja nýrra dótturfélaga Sorpu bs., sem nánar er lýst í fylgiskjali 2, verði tekin til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélagsins.

Sé óskað frekari kynningar á framangreindu skal beiðnum þess efnis beint til Lovísu Jónsdóttur ritara vinnuhóps Sorpu bs. vegna málsins, í netfangið lovisa.jonsdottir@sorpa.is.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd Stefneuráðs byggðasamlaganna

Hildigunnur Hafsteinsdóttir ritari Stefneuráðs byggðasamlaganna

Meðfylgjandi:

1. Ákvörðun ESA í máli nr. nr. 81738.
2. Samantekt – ESA-mál SORPU og tillaga um stofnun félaga Lok ehf. og Líf ehf.
3. ESA kynning fyrir stefnuráð 7.11.2025
4. Minnisblað vinnuhóps Sorpu bs. 18.06.2025 Trúnaðarmerkt
5. Áhættumat vegna fyrirhugaðra breytinga á rekstri SORPU til að uppfylla kröfur ESA Trúnaðarmerkt